

Starf og stefna

Nokkur orð til alþingis og alþjóðar.

Til skýringar umsókn.

I.

Það sem eg sækji um er, að háttvirt alþingi veiti mér 5000 — fimm þúsund — kr. á ári næsta fjárhags-tímabil.

II.

Starf mitt er að undirbúa og semja nokkrar ritgerðir. Hefi eg gert talsvert að því að undirbúa rit um Sturlunga og sögu Íslendinga á 12. og 13. öld. Einnfremur á eg efni í nokkrar ritgerðir um íslenska bókmentasögu og um Noregskonunga. Rétt er líka að geta um það í þessu sambandi, að það er í fyrirætlunum mínum að fara til Noregs og Svíþjóðar, bæði vegna jarðfræðirannsóknanna minna og eins til að eiga tal við fræðimenn um norræn málefni, í þá átt sem eg hefi þegar minst dæltið á í ýmsum ritgerðum.

III.

Um jarðfræði Í lands hefi eg samíð ýmsar ritgerðir, sem sumar hafa komið í merkustu jarðfræðitímaritum og landfræðitímaritum þýzkum og enskum. Kaflann um jarðfræði Íslands í Steinmann og Wilckens: Handbuch der regionalen Geologie, var eg beðinn fyrir (Island. IV. Band I. Abteil. prentað sérstakt, Heidelberg 1910).

Ritgerðir eftir mig hafa komið í 40 tímaritum, blöðum o. fl., á 4 málum. Er flestar mínar ritgerðir að skoða eins og nokkurskonar vörðubrot, hlaðin þar sem eg hefi fundið eitthvað sem mér þótti ástæða til að vekja athygli á. Fyrirlestra hefi eg haldið í sumum merkustu vísindalegum félögum í Evrópu, eins og Deutsche geologische Gesellschaft í Berlín og Gesellschaft für Erdkunde sama staðar; hélt eg þessa fyrirlestra 1908, þegar öfþreyta sú sem mig hefir bagað síðan 1897, var mikið farin að minka; eru fyrirlestrarnir prentaðir í tímaritum félaganna og veru fluttir fyrir fjölda manns. Áður hafði eg talað í jarðfræðisfélaginu í Edinburgh. Hefði eg gert slíkt oft- ar, ef féskortur og heilsubrestar hefði ekki hamlað. — Mun eg halda þar áfram, þegar heilsa leyfir og aðrar ástæður, og tala um ýms fleiri efni en jarðfræði Íslands.

IV.

Framtíðin mun leiða það í ljós, að eg get með sannri sagt, að eg hafi, í jarðfræðislegum skilningi, fundið nýtt Ísland. Hefi eg boðið próf. dr. Þorvaldi Thoroddsen að sýna honum fram á, vilji hann vera með mér nokkra daga hér í nágrenni við Reykjavík, að þetta er ekki ofmælt. Hefi eg mælst til þess, að útlendir jarðfræðingar yrðu með honum sem vottar. Tilboð þetta sendi eg (vorið 1916) vísindafélaginu danska; próf. Þorvaldur er þar félagi, og nefnd úr því félagi ræður yfir Carlsbergs-sjóðnum. Mun eg endurtaka tilboð-

ið þegar hægra verður um siglingar. Mun próf. Þorvaldur geta sannfært sig um það, ef hann vill mín ráð hafa, að Ísland er stórum merkilegra land en hann og aðrir hafa haldið. Og hvort sem Þ. Th. vill þiggja boð mitt eða ekki, mun eg leitast við að fá hingað útlenda jarðfræðinga til þess að sýna þeim hversu merkilega fræðslu hér má fá. Árið 1910 hafði eg síðast styrk úr Carlsbergssjóði, og síðan hefi eg ekki haft fé svo nægði (og frá því vorið 1913 heldur ekki heilsu) til þess að fara ýmsar þær ferðir, sem eg hafði ætlað mér. En þó að eg hafi ekki mikið ferðast þessi síðustu ár, hefi eg á hverju sumri bætt við athuganir mínar, og því sumu, sem er nýtt, að því er eg hygg, eigi einungis í jarðfræði Íslands. Aðalatriðið er að gera góðar athuganir, þekkja rétt; með því fæst sú undirstaða sem nauðsynleg er. Eg get hér, ekki langt frá Reykjavík, sýnt tvær bergtegundir, sem nýjar eru í þeirri merkingu, að enginn af öllum þeim merku mönnum, sem Ísland hafa rannsakað, hefir þekt þær. Aðra þessara bergtegunda kemst enginn hjá því að sjá, sem heimsækir bóndann í Viðey. Hin er svo algeng að varla kemst nokkur sem um Ísland ferðast, hjá því að sjá hana. Báðar hafa mikla þýðingu í jarðsögu landsins, en þó einkum hin síðarnefnda. Mundi próf. Þorvaldi þykja merkilegt að sjá bergtegundir þessar, þegar honum er bent á þau einkenni þeirra sem áður hafa dulizt.

V.

Menn munu spyrja um gagn rannsóknum mínum. Vil eg þá til svara að það er alls ekki þýðingarlaust fyrir íslenska menningu að fyrir mínar rannsóknir hafa skapað Íslenzkar aðalflugmyndir í jarðfræði Íslands; en aðalflugmyndirnar í þeim fræðum voru áður allar útlendar. Athuganir mínar hafa skapað ný rannsóknarsvæði. Og eftir mínum skoðunum, er þetta eitt ríflega virði þess litla styrks sem til mín hefir farið. Litinn kalla eg þennan styrk, ekki sízt vegna þess að eg vil spyrna á móti þeim hleypidómi að sá sem hefir sýnt mikla hæfileika sem námsmaður og rannsóknari, sé ekki þjóðnýtur maður á við þá sem fá starf sitt margfaldlega betur launað. Menn gleyma því um of, að réttari skoðun, réttari hugsun, aukin þekking, er rót allra framfara. — Annað sem mætti nefna er að eg hef bent á, að landið er víða að síga í sjó, eða nákvæmar sagt, að sjór virðist vera að hækka við Ísland. (Nánar um þetta má lesa í grein í Lögrettu um eldgos á Breiðafirði). Vilji menn gefa gætur að þessu, getur það orðið til þess að koma í veg fyrir eignatjón eigi alllitið. Virðist ekki ástæða til að óttast, ef hlaðið væri, hér og hvar og sumstaðar ef til vill nokkru hærra en gert hefir verið. — Kol minnst eg ekki á, annað en það, að lítil þörf ætti að vera fyrir kol í landi þar sem jafn mikið er af fossum og eins skammt til jarðhitans eins og hér er. Kynni ekki sízt hið síðarnefnda með tímanum að verða þjóðinni notadrygra, en þó að mikil kolalög hefðu verið. Sbr. grein um mó og kol í Eimr. 1895, niðurl.

VI.

Það er von mín að geta haldið áfram rannsóknnum mínum í jarðfræði Íslands, og eins að geta skoðað ýmislegt í jarðfræði annara landa, sem mér er nauðsynlegt að sjá til samanburðar; og fleira. Hygg eg að eg muni geta skrifað það sem þýðingu hafi víðar en fyrir jarðfræði Íslands, og hefi jafnvel gert dálítið í þá átt. En aðal mark mitt og mið í lífinu hefir þó verið og er, að reyna að átta mig á tilverunni; og þesskonar áhugi átti drygstan þátt í því að eg tók það fyrir að stunda náttúrufræði. Í janúar 1897 tók eg próf í jarðfræði, steinafræði, dýrafræði, grasafræði og landafræði (10 einkunnir) eftir 11 missira háskólanám, með hærri einkunn dálítið, en sá sem hæst hafði fengið áður í þeim greinum; hæsta einkunn hafði áður fengið í þessum greinum núverandi prófessor í jarðfræði við háskólann í Khöfn O. B. Böggild. Böggild var einn af mestu námsmönnum sem eg hefi kynst; mun hann vera einn af fremstu krystalla- og steinafræðingum, sem nú eru uppi; sneri hann sér mest að þeim greinum, sem eg hefi nær enga stund á lagt, síðan prófi lauk.

Eftir að eg kom til Íslands 1898 fór eg að lesa rit heimspekinga og hefi kynst mér vandlega ýms rit sumra hinna mestu manna í þeim efnum. Og síðan 1910 hefi eg aðallega unnið að því að undirbúa rit um heimsfræði; hygg eg að það muni verða mitt aðalverk. Það er ekkert árennilegt fyrir smáþjóðarmann að halda því fram að hann hafi hyggað þær

meginhugsanir og gert þær undirstöðu-uppgötvanir, sem þarf að gera, til þess að geta sett saman tilraun í heimsfræði, þar sem nokkru verulega nýju sé bætt við það sem menn vissu áður. En þó mun mér ef til vill auðnast að sýna, að þetta er einmitt það sem eg hefi gert; og einhver framtíð mun jafnvel af því sem eg þegar hefi ritað, geta skilið að svo er.

VII.

Í heimsfræði minni munu kenningar spekinganna grísku verða settar í nánara samband við náttúrufræði en áður hefir gert verið; til dæmis mun eg sýna skyldleika sumra grískra kenninga við ýmislegt sem hin nýjasta eðlisfræði hefir leitt í ljós, sú, sem hefst með uppgötvun W. Crookes á kaþódugeislunum. Hyle grískrar heimspeki samsvarar að nokkru leyti það sem nefna mætti the pre-atomic state of matter, for-efnis ástandið, efnið áður en það er komið upp í það, sem menn fyr meir töldu ódeili (atom); sbr. protyle Crookes'. Það sem á sér stað þegar »hyle« er hrundið á braut verðandinuvar, er saga heimsins gerist, er nokkurskonar hleðsla eða magnan, réttara sagt, og eg mun rekja þessa magnan alla leið upp í sálarlíf mannsins, benda þar á heimslögmál, og sýna hvernig fyrir þessa innsýn má öðlast miklu stórkostlegri útsýn og djúptækari skilning á tilverunni, en áður hafa menn haft á jörðu hér. Og eg hefi fundið þá sönnun, sem gerir þetta eigi einungis að heimspekilegri tilgátu, heldur að náttúrufræði, sannnefndri heimsfræði. Eg

mun gera grein fyrir uppruna lífsins á jörðu hér og auka við þann skilning, sem menn hafa haft á orsökunum til þess, að nýjar líftegundir koma fram. Eg mun rekja ýmsar framsóknarstefnur lífsins á jörðu hér og koma með kenningu um tilgang lífsins. Er þetta einmitt verkefni fyrir jarðfræðing, því að saga lífsins er annar aðalþáttur jarðfræðinnar; jarðfræði og líffræði koma þar saman. Loks mun verða leitast við að sýna fram á aðalstefnurnar í sögu manakynsins; mun eg færa rök að því, að vaxtarbroddur mannkynsins, sá sem bezt stefndi, hafi verið á Norðurlöndum, og rannsaka, hvað valdið hafi hnignun Norðurlanda. Mun eg halda því fram, að Norðurlandspjóðir geti ekki svo vel sem skyldi, náð að vinna sitt sérstaka ætlunarverk í sögu mannkynsins, nema hin forna tunga — sem ennþá lifir á Íslandi — verði endurreist á Norðurlöndum.

Verk það, sem hér segir lítið eitt af, þarf, eins og gefur að skilja, mikinn og margvíslegan undirbúning. Vona eg, að eitthvað talsvert af því verði komið, áður en þúsund ára afmælishátíð Alþingis verður haldin. En á næstu árum mun eg skrifa ýmsa kafa, er að þessu líta.

VIII.

Heilsubrest minn er óhjákvæmi-legt að eg minnst á í þessari greinargerð. Þessa dagana eru 20 ár síðan eg hóf á Grænlandi starf mitt sem sjálfstæður jarðfræðingur. Og eg fór í aðra röndina, ekki illa af stað sem rannsóknari. Eins og menn geta lesið í 14. bindinu af **Meddelelser**

om Grönland», gerði eg nýjar áthuganir á svæði, sem einn af meisturum jarðfræðinnar, prófessor Chamberlin, hafði rannsakað þrem árum áður; eg þekti það, sem þessi skörungur í isaldafræði hafði ekki þekkt; en það er dygð náttúrufræðingsins að þekkja, sjá hvað er líkt og hvað ólíkt. Sjá menn af þessu, að það er ekkert nið um þann afreksmann prófessor Þorvald Thoroddsen, þó að eg segi, nærri því í lífsnaðsyn, að eg hefði þekkt margt á landi hér, sem hann hefir horft á en ekki þekkt. Mundi eg þó ekki gera orð á slíku, ef eg hefði það fé, sem eg þarf mér til heilsubótar og til rannsókna minna. En heilsutjón beið eg á þessum tveimur mánuðum, sem við vorum á leiðinni til Grænlands. Eg var dálítið þreyttur eftir prófið, sem eg gat um, hafði stundað nám mjög kappsamlega árum saman; en á skipinu hagaði svo til, að eg vakti þangað til eg hætti að geta sofið nema að litlu leyti. Hafa þau umskifti orðið verst á minni æfi, nema eg telji þau umskifti sem urðu 1913 ennþá verri. Þá var eg, eftir að hafa dvalið á heilsuhæli veturinn 1911—12, kominn svo nálægt bata, að eg sagði einn dag, að nú væri svefnleysi sem veikindum eiginlega lokið fyrir mér. Taldi eg sem líf mitt mundi þá fyrst verulega byrja, er þau vandræði væru á enda. En dálítið breyttar ástæður hér í Reykjavík gerðu, að eg vakti aftur þangað til sótti í sama horfið með ofþreytu, sem áður hafði verið. Verða af slíku meiri örðugleikar en þeir ímynda sér, sem ekki hafa sjálfir reynt, og ekki sízt fyrir áhugamenn, eins og

þeir eru, þó að lítið kunni að bera á, sem taka góð próf, skrifa eitthvað talsvert í 4 eða 5 málum og fást við að smíða heimsfræði. Hefi eg þessi þreytuárgert það, sem eg hefi getað til þess að vinna að því marki, sem eg hefi sett mér, en mörgu orðið að sleppa eða fresta sem eg hafði ætlað mér að vinna á þessum árum. Hefi eg ekki nema brot af orku minni. Hygg eg þó, að þetta verði ekki nema töl, þó að erfið hafi verið.

Erfiðastur hefir mér verið sá síður nokkurra Skugghverfinga — eða þar í grend — að vera með hljóðfæragang (ekki músik heldur kakomúsik) morgunstundirnar sem eg helst gæti sofið. Þetta virðist mér það vera sem fremur öllu öðru, hefir eitrad líf mitt þessi ár og þreytt mig svo að hvorki var hægt að hugsa né rita, líkt og Carlyle sagði. Mundi það verða fleirum til góðs en mér, ef morgunstundirnar frá 5—9 væru friðaðar fyrir sumum ógöfugum söngtolum. Menn vita ekki nógu vel, að einungis með fullum svefni er hægt að hafa fulla krafta. Svefninn er manningum jafnvel nauðsynlegri en matur. Menn deyja fyr af algerðu svefnleysi en af algerðum sulti.

Biðja vil eg menn að lesa ekki þessa veikindasögu mína í þeirri trú, að eitthvað sé sagt, sem látið mundi ósagt, ef eg vissi eitthvað sem þeir vita.

Grein þessari er þannig háttað, að mönnum verður það ávinningur að lesa hana með eftirtekt og skilja hana. Og biðja vil eg menn, ef kenna þykir sjálfhælni sumstaðar, að muna eftir því að fyrst og fremst ber á það að líta, hvort satt er sagt eða ekki; og enn fremur, að sá sem ritar er löngu kominn af unga aldri og er þó ekki talinn eiga tilveru-rétt í þessu þjóðfélagi. Því að eg kalla ekki að svo sé, meðan það getur komið fyrir, eins og átt hefir sér stað, að jafnvel skólafélagar og kunningjar þori ekki að greiða atkvæði með því að eg fái 2000 kr. á ári, eða greiði jafnvel atkvæði á móti því. Ber slíkt vott um ekki lítinn misskilning. Það er einn af þeim hleypidómum sem skaðlegastir eru íslenzkri framtið, að visindamönnum, skáldum og listamönnum sé eiginlega ofaukið í þessu þjóðfélagi, og að fé því, sem er varið til þess að þesskonar menn þurfi ekki að eyða orku sinni í að hugsa um hvernig þeir eigi að hafa eitthvað í sig og á, heldur geti hugsað um að vinna fyrir alla þjóðina eða jafnvel allt mannkyn, sé sama sem á glækastað. Sannleikurinn er sá, að engu fé er arðvænlegar varið en því, sem fer til þess að styðja að starfi þeirra sem hugsað geta nýjar hugsanir eða skapað listaverk, í orðum eða á annan hátt. Framfarir þjóðfélaganna eru mest undir

Því komnar, að menn séu oddvitunum, þeim sem bezt stefna, samtaka. Eg á hér auðvitað ekki einungis við þesskonar menn sem eg hefi nefnt, þá sem helzt halda uppi andlegu lífi með þjóðunum. En án þeirra sem eru oddvitar mannlegrar hugsunar verður ekki verið, þó að mönnum hætti mjög við að halda það, og meti slíka menn oft lítills meðan þeir eru á lífi. Því smærri sem þjóðin er, því síður getur hún án verið þeirra örfáu manna sem hafa hugann á því fremur öðru, að verða andlega sjálfstæðir, og hafa vitorku til að skapa nýjar hugsanir og nýjar stefnur. Og það mun sannast, að þegar mínar hugsanir hafa sigrað, þá mun gildi Íslendinga meðal þjóðanna verða annað og meira en nú er, þegar Íslendinga er hvergi getið. Þar sem um það er rætt, hvað smáþjóðirnar hafi lagt til heimsmenningarinnar; þegar lesa má í einni af merkustu fræðibókum þýzkra bókmenta, sem tugum þúsunda hefir komið fyrir augu, að norræn tunga sé dauð og dysjuð; þegar mikið er rætt um samband Norðurlanda og þó ekki — í því sem eg hefi séð um það efni — einu orði minst á Íslendinga.

Minn málstaður mun sigursæll verða, því að eg hefi allra heill fyrir augum og lítilsvirði engan. Og það mun sannast, að fyr eða síðar mun Íslendingum þykja miklu skemtilegra að hafa verið með mér, en ekki móti, eins og of margir eru ennþá, með ýmsum sínum misskilningi á mér; og eins og verið er ef

mér verður neitað um það fé sem mér er nauðsynlegt til þess að geta starfað. Fyr eða síðar mun svo fara, að enginn mun öðruvísi en sér til minnkunar geta haft þá skoðun, að landsfé sem fer til visindamanna eða annara er einmitt vinna að sem flestra heill, sé illa varið og beri að skoða sem nokkurskonar ölmusu. Fyr eða síðar munu menn einmitt telja það einn af beztu kostunum sem fjármálasjálfstæðinu fylgja, að geta fyrir það stutt þá til mentunar og máttar, sem á einhverju svæði eru líklegir til forustu eða til höfðingskapar, svo að eg nœtist öð frá höfðingjaöld Íslands, í dálítið breyttri merkingu þó. En að vísu segir þó Snorri Sturlason um Erling af Sóla: öllum kom hann til nokkurs þroska. Er þar tekinn fram sá þáttur höfðingskapar, sem mér þykja fegurstur.

9. júlí

Helgi Pjeturss.

dr. phil.

MORGUNBLAÐIÐ

15. júlí 1917.

1917